



Bæjarráð

Kópavogi, 4. júlí 2023
22114447/104.00 JVK

Efni: Tillaga um breytingu á verklagi og viðmiðum við gjaldskrárbreytingar

Lagt er til að gerð verði breyting á verklagi og viðmiðum við útreikninga á gjaldskrárbreytingum með það að markmiði að fanga betur kostnaðarverðsbreytingar í rekstri.

Breytingar á gjaldskrár verða uppreiknaðar skv. vísitölum Hagstofu Íslands í svipuðu hlutfalli og vægi einstakra kostnaðarliða í rekstri. Fagsviðum í samvinnu við fjármálasvið verði falið að uppfæra gjaldskrár samkvæmt þessu.

Breytt verklag mun leiða til þess að þær gjaldskrár eru endurskoðaðar 2-4 sinnum á ári. Þær gjaldskrár sem eru endurskoðaðar 4 sinnum á ári yrði viðmiðið þann 1.1, 1.4, 1.7 og 1.10 og þær gjaldskrár sem eru endurskoðaðar 2 sinnum á ári væri viðmiðið 1.1 og 1.7. Við endurskoðun á gjaldskrár verður stuðst við nýjustu vísitölur sem liggja fyrir gildistöku nýrrar gjaldskrár.


Gerð er tillaga um að breytt verklag verði tekið upp frá og með 1. ágúst 2023.

Greinargerð:

Undanfarin ár hafa gjaldskrárbreytingar verið gerðar samhliða fjárhagsáætlun, einu sinni á ári, og breytingarnar verið byggðar á spá um þróun á vísitölu neysluverðs skv. þjóðhagsspá Hagstofunnar. Vísitala neysluverðs endurspeglar hins vegar ekki raunverulegan rekstrarkostnað stofnana bæjarins, einkum hjá þeim stofnunum þar sem þjónusta vegur þungt, líkt og sést á meðfylgjandi mynd þar sem rekstrarkostnaður fylgir þróun launa fremur en þróun verðlags. Þessi mismunur á hækkun á gjaldskrár fyrir þjónustu byggt á forsendum um verðlagsþróun og hækkun rekstrarkostnaðar hefur leitt til þess að hlutdeild notenda í rekstrarkostnaði hefur farið lækkandi.



08J



Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar menntasviðs

Til að gjaldskrár fyrir þjónustu bæjarins endurspegli betur þróun rekstrarkostnaðar er lagt til að gjaldskrár verði uppfærðar reglulega yfir árið í samræmi við vísitölur skv. mælingum Hagstofu Íslands og í samræmi við vægi einstakra kostnaðarliða þjónustuþátta.

Engar breytingar verða gerðar á gjaldskrá á yfirstandandi ári nema vísitöluhækkunar verði umfram þá 7,7% hækkun sem samþykkt var við gerð fjárhagsáætlunar ársins.

Þessi breyting kallar á að bærarstjórn taki afstöðu til þess, hve stóran hluta rekstrarkostnaðar vegna einstakra þjónustuliða skuli innheimta með þjónustugjöldum. Gert er ráð fyrir að ákvarðanir um slíkt verði teknar í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Að öðru leyti munu gjaldskrár fylgja vísitölutengingu sem samræmist betur rekstrarkostnaði einstakra stofnana. Í töflunum hér fyrir neðan eru upplýsingar um hvernig einstakar gjaldkrár muni taka breytingum miðað við mismunandi vísitölutengingu og tíðni uppfærslna. Nánari upplýsingar um einstakar vísitölur er að finna á vef Hagstofunnar.¹

¹ [Vísitala neysluverðs, tímaraðir á eldri grunnum. PxWeb \(hagstofa.is\)](#)

[Launavísitala eftir mánuðum frá 1989. PxWeb \(hagstofa.is\)](#)

[Undirvísitölur neysluverðs, grunnur 2008=100. PxWeb \(hagstofa.is\)](#) (veljið mótuneyti 1112 og rekstur ökutækja 72)



Menntasvið:

Gjaldskrá	Tíðni uppfærslu	Vísitölutenging
Frístundaklúbburinn Hrafninn		
Dvalargjald	4 x á ári	Launavísitala
Matargjald	4 x á ári	Vísitala mötuneytis
Gjaldskrá frístundar í grunnskólum		
Dvalargjald	4 x á ári	Launavísitala
Matargjald	4 x á ári	Vísitala mötuneytis
Gjaldskrá grunnskóla - Mötuneyti		
Matargjald - Vægi 40%	4 x á ári	Launavísitala
Matargjald - Vægi 60%	4 x á ári	Vísitala mötuneytis
Gjaldskrár íþróttahúsa	4 x á ári	Vísitala neysluverðs
Gjaldskrá knattspyrnuhallir	4 x á ári	Vísitala neysluverðs
Gjaldskrá sérdeilda grunnskóla	4 x á ári	Launavísitala
Gjaldskrá Skólahljómsveitar Kópavogs	4 x á ári	Launavísitala
Gjaldskrá sundlauga		
Matargjald - Vægi 80%	2 á ári	Launavísitala
Matargjald - Vægi 20%	2 á ári	Vísitala neysluverðs
Leikskólagjöld		
Dvalargjald	4 x á ári	Launavísitala
Matargjald	4 x á ári	Vísitala mötuneytis

Velferðarsvið:

Gjaldskrá	Tíðni uppfærslu	Vísitölutenging
Matur eldri borgara (heimsendur og í félagsmiðstöðvum)*		
	4 x á ári	Vísitala mötuneytis
Akstur með mat		
Akstur - 35% vægi	4 x á ári	Vísitala reksturs ökutækja
Akstur - 65% vægi	4 x á ári	Launavísitala

*Fjárhæðir rúnaðar í næsta tug / hundrað kr.

**Menningarstarfsemi:**

Gjaldskrá	Tíðni uppfærslu	Vísitölutenging
Gjaldskrá Gerðarsafns		
Aðgangseyrir	2 x á ári	Launavísitala
Eldri borgarar og námsmenn	2 x á ári	Launavísitala
Árskort	2 x á ári	Launavísitala
Árskort eldri borgarar og námsmenn	2 x á ári	Launavísitala
Gjaldskrá Bókasafns Kópavogs		
Árgjald - Vægi 60%	2 x á ári	Launavísitala
Árgjald - Vægi 40%	2 x á ári	Vísitala neysluverðs
Millilánasafn - Vægi 60%	2 x á ári	Launavísitala
Millilánasafn - Vægi 40%	2 x á ári	Vísitala neysluverðs
Sektir, ljósritun, prentun, skönnun - Vægi 60%	1x á ári	Launavísitala
Sektir, ljósritun, prentun, skönnun - Vægi 40%	1 x á ári	Vísitala neysluverðs
Taupoki, kaffi, kaffikort - Vægi 60%	1x á ári	Launavísitala
Taupoki, kaffi, kaffikort - Vægi 40%	1 x á ári	Vísitala neysluverðs
Leiga á söllum, kaffikanna f. útleigur	2 x á ári	Launavísitala
Gjaldskrá Salarins		
Leigukjör	4 x á ári	Launavísitala
Tæknimenn og þjónusta	4 x á ári	Launavísitala
Veitingasala - Vægi 60%	2 x á ári	Launavísitala
Veitingasala - Vægi 40%	2 x á ári	Vísitala neysluverðs

Undanþágur:

Velferðarsvið: Ekki er gert ráð fyrir breytingu á verklagi við gjaldskrárbreytingar á kaffimeðlæti í félagsmiðstöðvum aldraðra, félagslegri heimaþjónustu og ferðaþjónustu aldraðra. Nú þegar er vísitölutenging á leigu á félagslegu húsnæði.

Umhverfissvið: Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023, voru gerðar breytingar á uppbyggingu gjaldskráa á umhverfissviði. Lagt er til að fengin verði meiri reynsla á þær breytingar áður en gerðar verða frekari breytingar á gjaldskrám sviðsins. Bent er á að vísitölutenging er á nokkrum gjaldskrám sviðsins nú þegar.

Öll svið: Verklagi við breytingar á gjaldi fyrir hádegismat starfsfólks verður ekki breytt að þessu sinni, en vinna stendur yfir við að rýna kostnað og gjald starfsfólks. Gert er ráð fyrir að tillögur liggi fyrir í haust.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri